

## Nemaleyfisreglur í bifvélavirkjun.

Samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla skipar mennta- og menningarmálaráðherra starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokk eða starfsgreinar. Starfsgreinaráð geta komið á fót nemaleyfisnefnd til þess að fara yfir umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara um heimild til að taka nemendur í starfsþjálfun eða á námssamning. Í 8. gr. reglugerðar nr. 840/2011 um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað er fjallað um skilyrði þess að fyrirtækjum eða stofnunum sé heimilt að taka nemendur á námssamning.

Fyrirtæki eða stofnanir sem óska eftir að gera námssamning við nema í bifvélavirkjun senda umsókn um nemaleyfi til IÐUNNAR, fræðsluseturs, Vatnagörðum 20, 104 Reykjavík, á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Nemaleyfisnefnd í bifvélavirkjun metur umsóknir um nemaleyfi.

**Skilyrði veitingar nemaleyfis:** Fyrirtæki fá heimild til að taka nema á námssamning í bifvélavirkjun að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Meistari skal vera í fullu starfi hjá fyrirtæki sem fær nemaleyfi í bifvélavirkjun. Meistari eða sveinn í umboði meistarans kennir verkþætti vinnustaðanáms.
2. Verkþáttum vinnustaðanáms er lýst í námsferilsbók nemans. Fyrirtæki sem óskar eftir nemaleyfi og þar með að vera kennslustaður nema í bifvélavirkjun þarf að uppfylla kröfur um að þjálfa nemann í þeim verkþáttum sem lýst er í námsferilsbókinni. Fyrirtæki sem hefur ekki tök á að sinna öllum lykilþáttum vinnustaðanáms í greininni, t.d. vegna sérhaefingar, o.s.frv., þurfa að leita eftir samstarfi við önnur fyrirtæki til þess að tryggja að neminn þjálfist í öllum lykilþáttum vinnustaðanámsins. Í slíkum tilvikum er gerður samningur á milli viðkomandi fyrirtækja og þeim verkþáttum lýst sem samstarfsfyrirtækið þarf að þjálfa hjá viðkomandi nema. Slíkur samningur þarf að liggja fyrir við gerð námssamnings og telst hluti af honum. Meistari nemans ber ábyrgð á því að hann hljóti viðeigandi þjálfun í verkþáttum vinnustaðanáms.
3. Fjöldi nema sem fyrirtæki hefur heimild til þess að þjálfa ræðst af fjölda fagmanna sem starfa hjá viðkomandi fyrirtæki. Almenna reglan er 1:2, þ.e.a.s. meistari getur tekið two nema, meistari og sveinn geta tekið fjóra nema o.s.frv.
  - a. Fyrirtækið þarf að hafa aðstöðu, búnað, ákveðinn fjölda fagmanna og nægjanlega fjölbreytta starfsemi til þess að fá heimild til þess að þjálfa nema sbr. gátlista sem fylgir með umsókn um nemaleyfi.
  - b. Í fyrirtækinu skal vera virkt gæðakerfi.
  - c. Nemi má ekki starfa einn á vinnustað, án handleiðslu sveins eða meistara í faginu.
  - d. Verði breyting á starfsemi fyrirtækisins getur það haft í för með sér missi á nemaleyfi í greininni.
  - e. Námssamningur verði gerður á fyrsta mánuði vinnustaðanámsins.
  - f. Nemaleyfi gildir í fimm ár í senn á grundvelli umsagna nemaleyfisnefndar svo fremi sem engar breytingar verð á starfsemi fyrirtækisins.